

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 268/2024

2025/EES/25/17

frá 6. desember 2024

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir,
staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2590 frá 13. júlí 2023 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2144 með því að mæla fyrir um ítarlegar reglur um sértækar prófunaraðferðir og tæknilegar kröfur fyrir gerðarviðurkenningu tiltekinnar vélknúinna ökutækja að því er varðar háþróað truflunarvarakerfi þeirra og um breytingu á þeirri reglugerð ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á I. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við 52. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2144):

„– **32023 R 2590**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2590 frá 13. júlí 2023 (Stjtíð. ESB L, 2023/2590, 22.11.2023).“

2. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 52f (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1958):

„52g. **32023 R 2590**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2590 frá 13. júlí 2023 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2144 með því að mæla fyrir um ítarlegar reglur um sértækar prófunaraðferðir og tæknilegar kröfur fyrir gerðarviðurkenningu tiltekinnar vélknúinna ökutækja að því er varðar háþróað truflunarvarakerfi þeirra og um breytingu á þeirri reglugerð (Stjtíð. ESB L, 2023/2590, 22.11.2023).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2023/2590, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 7. desember 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L, 2023/2590, 22.11.2023, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2023/2590/oj

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 6. desember 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Anders H. Eide

formaður